

Alþingi
Erindi nr. Þ 132/793
komudagur 9.2.2006



**LANDSSAMBAND
ÍSLENSKRA
ÚTVEGGSMANNA**

Borgartúni 35
105 Reykjavík
Sími: 591 0300
Fax: 591 0301
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis
v/sjávarútvegsnefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 7.2. 2006.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um Fiskverndarsvæði við Ísland. Þskj. 52
– 52. mál.

Það eru ekki ný sannindi að fiskistofnar eru stærri og gefa meira af sér við hóflega sókn en við ofveiði. Þau dæmi sem rakin eru í greinargerð með þingsályktunartillögunni styðja slíka ályktun, einkum í tilvikum þegar verulega er dregið úr sókn í kjölfar mikillar ofveiði.

Ýmsar leiðir eru til að stilla sókn í hóf. Sú skilvirkasta og hagkvæmasta er að beita aflamarkskerfi af því tagi sem notað er á Íslandsmiðum, ásamt ýmsum aðferðum til að koma í veg fyrir veiðar á smáfiski, vernda hrygningarfisk ofl., s.s. með svæðalokunum fyrir ákveðnum veiðarfærum, takmörkunum á veiðitíma, reglum um möskvastærðir osfrv. Þannig eru stór svæði íslenskrar fiskveiðilögsögu háð friðun með ýmsum hætti og fiskistofnar þar með verndaðir fyrir veiðum með ákveðnum veiðarfærum eða alfarið. Meðfylgjandi eru kort sem sýna þetta myndrænt og þó er þar ekki allt talið. Rétt er að benda á upplýsingar á heimasíðu okkar www.liu.is undir liðnum togveiðihólf ofl. (<http://www.liu.is/template1.asp?Id=442&sid=112>) þar sem nálgast má þessi kort.

Víða um heim hefur ekki verið vilji til þess að taka þá erfiðu pólitísku ákvörðun að stjórna fiskveiðum á ábyrgan hátt. Afleiðingin er útbreidd ofveiði. Af þessum sökum er nú beitt pólitískum þrýstingi á vettvangi hnattrænna stofnana til að koma á viðtækum fiskverndarsvæðum.

Notkun fiskverndarsvæða þar sem veiðar eru alfarið bannar eru ekki góð leið til að stjórna fiskveiðum. Mun markvissari og hagkvæmari fiskveiðistjórnun er þegar við líði á Íslandsmiðum þar sem unnt er að bregðast við aðstæðum og ástandi einstakra tegunda, bæði almennt og á einstökum svæðum, með stuttum fyrirvara. Rétt er að vekja athygli alþingismanna á því að ýmsir stofnar ganga um stóran hluta fiskveiðilögsögunnar og eru veiddir á mismunandi stöðum á mismunandi tímum auk þess sem veiðarnar fara fram á mismunandi svæðum frá ári til árs. Vegna breytinga á hitastigi sjávar og breytinga í lífríkinu breytast göngur og útbreiðsla einstakra fiskistofna og því þarf að vera unnt að veiða fiskinn þar sem hann gefur sig. Við þessar aðstæður er ómögulegt að hafa svæði alfarið lokað fyrir öllum veiðum. Nefna má dæmi af síldinni sem hefur verið veidd á afar mismunandi svæðum á undanförunum árum s.s. inni á fjörðum fyrir austan, út af Vestfjörðum, grunnt og djúpt út af Vesturlandi,

suðvestur af landinu, sunnan og suðaustan við land og út af Austfjörðum. Norsk íslensk síld veiddist sem kunnugt er djúpt og grunnt fyrir Norðurlandi og út af Austfjörðum fyrr á árum. Loðna gengur með ströndinni eins og kunnugt er og segja má að hún veiðist allt í kringum landið á einhverjum tíma ársins. Vanalega koma göngur upp að norðaustur ströndinni og síðan gengur loðnan suður með austurströndinni, vestur með suðurströndinni og allt inn á Faxaflóa og Breiðafjörð. Sum ár koma svokallaðar vesturgöngur loðnu og ekki er langt síðan veitt var úr slíkri göngu á svæðinu út af Vestfjörðum og allt austur fyrir Vestmannaeyjar. Þekkt eru nýleg dæmi um gríðarlega aukningu á útbreiðslu ýsu og mjög breytta útbreiðslu skötusels á síðari árum.

Þar sem umfangsmikil fiskverndarsvæði eru nú þegar liður í þeirri fiskveiðistjórnun sem við beitum og með tilliti til ofangreinds, verður ekki séð að neitt tilefni sé fyrir Alþingi að álykta með þeim hætti sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir og því leggjumst við alfarið gegn samþykkt hennar. Mikilvægt er hinsvegar að á hverjum tíma verði hugað að öllum ráðstöfunum sem leiða til sjálfbærrar nýtingar fiskistofnanna og hámarks afraksturs af þeim.


Virðingarfyllt,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna



Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri

Reglugerð um friðun hrygningarporsks og skarkola á vetrarvertið



Frá og með 15. apríl til kl. 10:00 30. apríl eru allar veiðar bannaðar á Ísafjarðardjúpi innan línu sem dregin er á milli Galtarvita og Straumnesvita, innan 3ja sjómílna frá fjörumarki meginlandsins á svæðinu frá Hornbjargsvita að Stokksnesi og innan 3ja sjómílna frá fjörumarki Grimseyjar.

Auk þorsveiðibanns eru á tímabilinu frá og með 1. til og með 30. apríl, allar veiðar með botnvörpu, dragnot og kolanetum bannaðar á 3. svæðum. (Blálitudu svæðin).

Vestursvæðið 19° V að Skor (djúpslóð)
Frá 12. apríl til kl. 10:00, þann 21. apríl stækkar svæðið þ.e. ytri mörk svæðisins færast út

Vestursvæði - 19° V að Skor (grunnslóð)
Frá og með 1. apríl til og með 11. apríl eru allar veiðar bannaðar á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi sem markast að austan af 19° V og að vestan af línu sem dregin er réttvisandi 250° frá Skorarvita.

Frá og með 8. apríl til og með 16. apríl eru allar veiðar óheimilar á ofangreindum svæðum.

Austursvæði - Stokksnes að 19° V (djúpslóð)
Frá og með 17. apríl til kl.10:00, 28. apríl eru allar veiðar bannaðar.

Austursvæði - Stokksnes að 19° V (grunnslóð)
Frá og með 8. apríl til og með 16. apríl eru allar veiðar bannaðar fyrir Suðurlandi á svæði sem markast af línu sem dregin er 90° frá Stokksnesi að 19° V. Að utan markast svæðið af 4 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins..

- 1.FLOKKUR** Fiskiskip 42 metrar og lengri. Enn fremur öll fiskiskip með afvísu 2.500 eða hærrí.
- 2.FLOKKUR** Fiskiskip lengri en 29 metrar en styttri en 42 metrar með afvísu lægri en 2.500. Enn fremur fiskiskip styttri en 29 metrar en með afvísu 1.800 og hærrí. Í þessum flokk falla einnig fiskiskip 39 metrar og styttri sem togveiðihelmskrá höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðir í fiskveiðilandhelgi Íslands, enda verði ekki um aukningu á afvísu þeirra að ræða eftir 1. júní 1997.
- 3.FLOKKUR** Fiskiskip styttri en 29 metrar, enda séu þau með lægri afvísu en 1.800. Enn fremur fiskiskip 28 metrar og styttri sem togveiðihelmskrá höfðu eftir þeirri viðmiðun skv. 3. gr. laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðir í fiskveiðilandhelgi Íslands, enda verði ekki um aukningu á afvísu þeirra að ræða eftir 1. júní 1997.

LÖG Nr. 79, 26. maí 1997
 Ásamt breytingu nr. 127, 22. desember 1997

